

Fylgiskjal nr. 2.

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir

From: Njörður Sigurðsson <njordur@skjalasafn.is>
Sent: 1. september 2015 15:06
To: Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir
Subject: RE: Gjaldtaka

Follow Up Flag: Follow up
Flag Status: Flagged

Heil og sæl Gerður

Það er ekki að finna í lögum né reglugerð kröfu um greiðslu kostnaðar við afhendingu skjalasafna afhendingarskyldra aðila. Hins vegar er að finna í

reglum nr. 573/2015 um frágang, skráningu og afhendingu pappírskjala afhendingarskyldra aðila kröfur um hvernig skuli ganga frá og skrá pappírskjöl (2. gr.). Í 3. gr. er svo kveðið á um að viðkomandi opinbert skjalasafn skuli samþykkja afhendingu, frágang skjalanna og geymsluskrá áður en viðkomandi skjalasafn er afhent. Þannig getur opinbert skjalasafn (og það hefur þí gert í fjölda ára) krafist þess að engið sé frá skjölum og þau skráð skv. reglunum áður en tekið er við þeim. Ef hins vegar viðkomandi aðili hefur ekki tök á því að ganga frá skjölunum sjálfur þá er möguleiki að finna annan aðila til að gera það.

Þjóðskjalasafn hefur boðið afhendingarskyldum aðilum að gagna frá skjölunum skv. greiðslu. Þá er gerð kostnaðarætlun og ef hún er samþykkt eru gögnin afhent til Þjóðskjalasafns ófrágengin og safnið tekur að sér verkið. Þannig er aðeins tvennt í boði, þ.e. að viðkomandi aðili afhendi skjölín fullfrágengin og skráð eða að það semji við þí að taka við skjölunum og gagni frá þeim fyrir greiðslu. Afhendingarskyldur aðili á að bera allan kostnað við skjalavörluna, þ.m.t. frágang og skráningu í geymsluskrá. Á bls. 89 í Handbók um skjalavörsu sveitarfélaga er fjallað um þessa two kosti.

Með kveðju,

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegur 162, 105 Reykjavík
Sími 590 3300 / 590 3322
njordur@skjalasafn.is - [www.skjalasafn.is](http://skjalasafn.is)

Um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://skjalasafn.is/disclaimer>

From: Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir [mailto:gerdur.johannsdottir@akranes.is]
Sent: 28. ágúst 2015 11:49
To: Skjalavarsla - Þjóðskjalasafn
Subject: Gjaldtaka

Sæl/I,
í hvaða grein laga eða reglugerða vísið þið við kröfu
um greiðslu kostnaðar við móttöku og frágang afhendingarskylds aðila?

Bestu kveðjur,
Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður.



Héraðsskjalasafn Akraness
Sími: 433-1200

Dalbraut 1, 300 Akranes

Netfang: skjalasafn@akranes.is

Veffang: <http://ljosmyndasafn.akranes.is>